

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, miðað við byggingarvísitölu. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó almennt ekki lengur en 6 mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar-, úthlutunar- og skipulagsskilmálum. Byggingarleyfisgjald er þó aldrei endurgreitt.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta, eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 446/1975 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

Nr. 388

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1989.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtupóknun v/erlendar innheimtu	1 761 294,00
Innheimtupóknun önnur	1 359 741,00
Endurkrafinn innheimtukostnaður	5 633 487,00
Vextir	136 528 426,00
	<hr/>
	145 282 948,00
	<hr/>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	16 968 660,00
Annar rekstrarkostnaður	9 787 857,00
	<hr/>
	26 756 517,00
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	118 526 431,00
	<hr/>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1989.

Eignir:	
Sjóður	6 030 033,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands hf.	8 472 120,00
Skuldabréfaeign	2 521 599,00
Ógreidd innheimtubóknun	918 235,00
Óinnheimtar kröfur	2 062 685 523,00
Sveitarfélög	4 431 367,00
Fyrirfram greiddur kostnaður	193 244,00
	<hr/>
	2 085 252 121,00

Skuldir:	
Tryggingastofnun ríkisins	41 418 412,00
Sveitarfélög	4 431 367,00
Erlendar innheimtur	586 504,00
Félagsmálaráðuneytið	586 362,00
	<hr/>
	47 022 645,00

Framlag Jöfnunarsjóðs	1 102 076 601,00
Dráttarvextir óinnheimtir	656 207 367,00
Óráðstafað eigið fé	279 945 508,00
	<hr/>
	2 085 252 121,00

Reykjavík, 30. janúar 1990.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Sigurgeir Sigurðsson, Hallgrímur Dalberg, Sigurjón Pétursson, / Árni Guðjónsson.

REIKNINGUR

Nr. 389

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1990.**Rekstrarreikningur.**

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtubóknun v/erlendrar innheimtu	1 726 256,00
Innheimtubóknun önnur	1 674 469,00
Endurkrafinn innheimtukostnaður	6 552 637,00
Vextir	159 652 949,00
	<hr/>
	169 606 311,00
	<hr/>
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	19 919 452,00
Annar rekstrarkostnaður	13 591 714,00
	<hr/>
	35 511 166,00
	<hr/>
Tekjur umfram gjöld	136 095 145,00